

Persónuverndarstefna Félagsbústaða

Tilgangur

Félagsbústaðir hafa það að markmiði að tryggja í hvívetna áreiðanleika, trúnað og öryggi allra persónuupplýsinga sem unnið er með á vegum félagsins. Persónuverndarstefna þessi er sett í þeim tilgangi að tryggja að unnið sé með persónuupplýsingar í samræmi við gildandi löggjöf um persónuvernd.

Hvað eru persónuupplýsingar

Persónuupplýsingar eru upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings. Með því er m.a. átt við nöfn, kennitölur, heimilisföng, símanúmer og netföng.

Viðkvæmar persónuupplýsingar eru m.a. upplýsingar um heilsufar, fjárhag, kynþátt og stjórnmalaskoðanir.

Söfnun og vinnsla persónuupplýsinga

Með vinnslu persónuupplýsinga er átt við alla notkun og meðferð eins og söfnun, skráningu, varðveislu og eyðingu upplýsinga.

Félagsbústaðir vinna fyrst og fremst með persónuupplýsingar sem veittar eru frá velferðarsviði Reykjavíkurborgar sem sér um úthlutun leiguíbúða Félagsbústaða. Hér eru almennar upplýsingar eins og nafn, kennitala, sími og netfang og upplýsingar kringum innheimtu leigu en einnig kann félagið að vinna með upplýsingar sem auðkenna einstaklinga, s.s. félagsleg- og heilsufarsleg málefni einstaklinga. Félagsbústaðir kunna einnig að fá upplýsingar frá öðrum aðilum, s.s. lögmönnum, lögreglu, heilbrigðisstofnunum og einstaklingum.

Til þess að tryggja að unnið sé í samræmi við meginreglur persónuverndarlaga fær starfólk fræðslu og þjálfun í því skyni að skapa almenna og góða þekkingu á meginreglum persónuverndarlaga. Jafnframt eru verklagsreglur settar um meðferð og vinnslu persónuupplýsinga sem og annarra skjala sem varða persónuvernd og verndun gagna.

Varðveisla og öryggi persónuupplýsinga

Félagsbústaðir hefur afhendingarskyldu á grundvelli laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn. Það þýðir að félaginu er óheimilt að ónýta eða farga nokkru skjali sem fellur undir gildissvið laganna, nema með sérstakri heimild þjóðskjalavarðar. Gögnum er skilað til Borgarskjalasafns að ákveðnum tíma liðnum samkvæmt reglum þar um.

Félagsbústaðir gæta öryggis við meðferð og vinnslu persónuupplýsinga með tæknilegum og skipulagslegum ráðstöfunum með það að markmiði að koma í veg fyrir mannleg mistök, þjófnað, svik eða aðra misnotkun á upplýsingum. Aðgangur að persónuupplýsingum er takmarkaður við þá starfsmenn er á þurfa að halda til að geta sinnt viðkomandi máli. Starfsfólk Félagsbústaða er jafnframt upplýst um skyldu sína til að viðhalda trúnaði og tryggja öryggi persónuupplýsinga við upphaf starfa.

Réttindi skráðra einstaklinga

Félagsbústaðir gæta þess við alla vinnslu persónuupplýsinga að viðeigandi ráðstafanir séu gerðar til að hinn skráði geti gætt upplýsingaréttar síns sem og réttar til aðgangs að persónuupplýsingum.

Einstaklingar eiga rétt á því að vita hvort og þá hvaða persónuupplýsingar félagið vinnur um þá og geta eftir atvikum óskað eftir afriti af upplýsingunum, þó með þeim takmörkunum sem lög nr. 90/2018 gera ráð fyrir. Einstaklingar geta í ákveðnum tilvikum mótmælt vinnslu persónuupplýsinga og óskað eftir því að vinnsla þeirra verði takmörkuð. Þá geta einstaklingar fengið rangar, villandi eða ófullkomnar persónuupplýsingar um sig leiðréttar og í einstaka tilvikum að þeim sé eytt, eftir því sem lög nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn heimila.

Félagsbústaðir reyna eftir fremsta megni að bregðast við beiðni einstaklings innan mánaðar frá viðtöku beiðninnar.

Ábendingar og beiðnir

Persónuverndarfulltrúi Félagsbústaða hefur umsjón með eftirfylgni persónuverndarstefnu þessari og framfylgni við persónuverndarlög. Persónuverndarfulltrúi veitir allar nánari upplýsingar og tekur á móti beiðnum og ábendingum.